



Áratugur í Gellerupparken
Adolescence in the Gellerup Projects

Hinrik Ottó Sigurjónsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í Félagsvísindadeild

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Áratugur í Gellerupparken
Adolescence in the Gellerup Projects

Hinrik Ottó Sigurjónsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Jón Gunnar Bernburg

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Október 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Hinrik Ottó Sigurjónsson 2014

Reykjavík, Ísland 2014

Abstract

This bachelor thesis focuses on a socially challenged neighbourhood called Gellerupparken in Aarhus, Denmark. There will be made an introduction of the neighbourhood and its short storyline. The author will make use of classic criminology theories such as *Social Disorganization* and *Subcultures of violence* to first of all analyze the authors own life story from the neighbourhood. Secondly the themes from the interpretation of the life story will be used to produce questions for an semi-structured interview with 3 participants who are former residents of the Gellerup Projects. At last there will be an comparative analysis of the Gellerup Projects with the former existing ghetto of Pruitt-Igoe, in St. Louis. The purpose of this study is mainly to combine the tools of sociology and personal experience from unique social surroundings, so the knowledge from it can be communicated onwards for further researching.

Útdráttur

Í þessari ritgerð verða afbrotufræði kenningunum *Social Disorganization* og *Subcultures of violence* beitt í þeim tilgangi að greina lauslega útvalið borgarhverfi – Gellerupparken, svokölluðu gettói í Árósum, Danmörku. Farið verður yfir sögu hverfisins og þróun frá upphafi. Greiningin mun aðallega byggja á eigindlegum gögnum, það er, lífssögu (e. *life history*) höfundar og þremur viðtölum við fyrrverandi íbúa hverfisins. Lífssagan og viðtölin eru svo tengd í heimildir og kenningar (Shantz, 2009). Til þess að setja efnið í stærra samhengi verður einnig haft annað hverfi til samanburðar, hverfi sem kallað var Pruitt-Igoe og ætti að vera nokkuð þekkt fyrirbæri innan borgarskipulags og byggingarlistar. Samanburðurinn mun fyrst og fremst einblína á sögulega þróun beggja hverfa og þá sérstaklega endalok Pruitt-Igoe og endurskipulag Gellerupparken sem á sér stað á skrifandi stundu. Með þessari ritgerð er ætlun höfundar að tvinna saman verkfæri félagsfræðinnar og persónulegri reynslu úr einstöku félagslegu umhverfi, þannig hægt sé að miðla þekkingunni áfram til frekari rannsókna á viðfangsefninu.

Efnisyfirlit

Abstract	4
Útdráttur	5
1 Inngangur	7
2 Gellerupparken	9
3 Fræðilegur bakgrunnur	13
3.1 Shaw og McKay – Social Disorganization Theory	13
3.2 Útfærsla Sampsons	15
3.3 Subculture of violence	16
3.4 Fyrri rannsóknir: Pruitt-Igoe Myth	19
4 Framkvæmd rannsóknar	22
4.1 Almenn	22
4.2 Gagnasöfnun	22
4.3 Úrvinnsla	23
5 Niðurstöður	24
5.1 Almenn upplifun	24
5.2 Ólíkir menningarheimar	24
5.3 Opinberar stofnanir	27
5.4 „Búa“ og „lifa“	29
5.5 Öryggi	30
5.6 Hugrenningar varðandi hverfið	31
5.7 Samanburður hverfa	32
6 Umræða og lokaorð	33
Heimildaskrá	35

1 Inngangur

Frá upphafi iðnbyltingunnar hefur þéttbýlismyndun farið ört vaxandi víðast hvar á jörðinni, sem hefur m.a. haft í för með sér stærri og samþjappaðri samfélög manna. Þéttbýlissvæði, borgir og bæir hafa ýtt undir aukinni þörf á skipulagi, einkum landfræðilegu-, löggæslu-, húsnæðistengdu svo eitthvað sé nefnt. Þetta nýja skipulag stendur frammi fyrir ýmsum vandamálum sem greina þarf þverfaglega m.a. frá sjónarhorni arkitektúrs, félagsfræði, stjórnmálafræði, verkfræði o.fl. Í þessari ritgerð verður beint augunum að eitt af afurðum þéttbýlissvæðingu nútímans, þ.e. fátækrahverfi.

Fátækrahverfi sem hugtak gæti gefið nokkuð fjölbreytilega mynd í hugum fólks, „ghetto“ er annað orð sem flestir myndu nota á alþjóðlegri tungu. „Ghetto“ átti upprunulega við afmarkað svæði gyðinga sem voru aðskildir öðrum íbúum í borgum Evrópu. Þessi hverfi voru oftast en ekki félagslega og efnahagslega veik og einangruð frá umheiminum á einn eða annan hátt. Þetta á líka við svæði sem titluð eru fátækrahverfi í dag. Íslenskaða orðið gettó verður hins vegar notað framvegis í þessari ritgerð, þar sem að það nær betur yfir viðfangsefni ritgerðarinnar og vegna þess að íslenska orðið fátækrahverfi er úrelt að mati höfundar.

Félagslegt óskipulag (e. *social disorganization*), eins og það myndi kallast á íslensku, er eitt af mörgum kenningum afbrotafræðinnar sem varða hverfi og afbrotatíðni. Shaw og McKay (1942), og seinna meir Sampson (1993), héldu því fram að kerfisbundin frávikshegðun unglunga – einkum afbrotahegðun, í þéttbýli væri afleiðing Félagslegs óskipulags. Félagslegt óskipulag verður til í hverfum þar sem að nærsamfélagið tekst ekki að samræma gildi íbúa svæðisins og leysa vandamál þeirra, þar af leiðandi fer félagslegt taumhald úr böndunum. Ástæðurnar fyrir því geta verið margar og ólíkar, en helst er það hátt íbú aflæði sem kemur í veg fyrir nán tengsl íbúa, veikar stofnanir eins og skólar, kirkja, lögregla (sem getur stafað af lélegum efnahag og pólitík), mikill efnahagslegur skortur (þeas. hátt atvinnuleysi) og misleytni íbúanna sjálfra, margir ólíkir minnihlutahópar á sama svæði sem eiga erfiðara með að sameinast vegna ólíks bakgrunns. Sem bein tenging við fyrrnefnda þætti verður til pláss og tækifæri fyrir menningarkima eins og *Subcultures of violence*. En ofbeldis menningarkimar tíðkast ofar en ekki meðal íbúa gettóa (Wolfgang og Ferracuti, 1967).

Gellerupparken er eitt af mörgum hverfum, bara í Danmörku einu og sér, sem hægt er að flokka sem gettó og þó svo að raunveruleiki þeirra sé langt frá því vera sambærilegur þekktra gettóa vestanhafs (sem flest allir þekkja frá Hollywood kvikmyndum), þá sker umhverfi þeirra sig talsvert úr því samfélagi sem þau tilheyra. Mörg einkenni hverfisins vekja áhuga höfundar, en það sem gerir þetta hverfi sérstaklega áhugavert er að höfundur á rætur að rekja þangað og getur nálgast viðfangið sem „einn af þeim“. Þetta hefur það í för með sér að lýsingin og greiningin verði nákvæmari og í augnhæð þeirra sem búa í hverfinu. Sem utanaðkomandi aðili er oft hætta á að misskilja ákveðna hluti eða þætti þar sem erfitt getur verið að tengja sig við aðstæður eða samskipti sem maður hefur ekki reynslu af. Ástæðan fyrir sterkari áherslu á eigindlega rannsóknaraðferð í ritgerðinni er, að þegar litið er á félagsleg fyrirbæri með megindegum aðferðum (tölfræði) þá á maður til að sjá atriðin út frá sjónarhorni fuglsins, þ.e. góða yfirsýn en lélega innsýn í það sem í rauninni gerist niðri á jörðinni. Sömuleiðis myndi ritgerðin ekki veita mikla innsýn í daglegt líf einstaklinga í hverfinu, ef áherslan hefði verið á tölfræðilega hlutann. En aftur á móti með greiningu lífssögu frásagna, gefst fræðimanninum tækifæri að setja sig í spor viðmælenda og þrátt fyrir að þessi aðferð takmarkist að því leyti að hún einblíni einungis á einstakling, fjölskyldu, eða lítinn hóp viðmælenda, þá gefur hún samt heildrænari mynd af þessum ákveðnu einstaklingum en það sem hægt er að álykta með t.d. spurningakönnunum (Roberts, 2002). Markmið rannsóknarinnar er ekki að leggja af stað með fyrirfram mótaða spurningu sem hægt verður að svara og staðfesta. Hér er ætlunin að þreifa sig fram á annars vel þekktum slóðum (e. *exploratory*), með það í huga að tengja félagslegan veruleika einstaklinga úr gettóí við viðurkenndar félagsfræðilegar kenningar, með samanburði við þekkt dæmi úr rannsóknum á borgarhverfum. Útkoma rannsóknarinnar mun leiða höfund að mögulegri rannsóknarspurningu.

2 Gellerupparken

Gellerupparken er félagslegt húsnæðishverfi (d. *socialt boligbyggeri*) í vesturhluta Árósa, næst fjölmennustu borg Danmerkur. Hverfið er staðsett í Brabrand og tilheyrir húsaleigufélaginu Brabrand Boligforening, sem einnig ræður yfir nágrannahverfinu Toveshøj. Staðsetning frá miðbæ borginnar er u.þ.b. 4 kílómetrar. Bæði hverfin voru reist á árunum 1968 til 1972 og samanlagt búa þar yfir 7000 manns í 2400 íbúðum. Hverfin tilheyra byggingarskipulagi sem upprunulega var kallað Gellerupplanið og í þessu svokallaði plani (skipulag) er að finna verslunarmiðstöð, kirkju, sundlaug, stúdentagarða, bókasafn, íþróttahöll, leikskóla, grunnskóla, brennslustöð o.fl. Allar byggingarnar sem tengjast svæðinu eru hluti af sama mannvirkinu og hugsaðar sem ein hönnunareining (Brabrand Boligforening, 2014). Gellerupparken sjálfst samanstendur af sextán 4 hæða blokkum og sjö 8 hæða blokkum. Blokkirnar eru steinsteyptar og byggðar í einföldum stíl sem einkennir mörg úthverfi borga á þessum tíma¹.

Upp úr seinni heimsstyrjöldinni varð til mikill húsnæðisskortur í Árósum, í Danmörku og almennt í Evrópu. Til þess að koma til móts við þennan vanda voru stofnuð húsaleigufélög og gengið var til verks við að reisa heilu hverfin út frá vel skipulögðum byggingaráætlunum. Með arkitektana Knud Blach Petersen og Mogens Harbo í fararbroddi og fjáröflun húsaleigufélagsins BB, var hægt að hefja framkvæmdir á Gellerupplaninu. Til þess að spara tíma og pening var ákveðið bylta fyrirkomulaginu og iðnvæða byggingarframkvæmdirnar. Breytingin fól í sér að nota fyrirfram tilbúna steinsteypu einingar og raða þeim saman. Steypueiningarnar voru fjöldaframleiddar, ódýrar og hægt var að setja og skrúfa þær saman án mikilla vandræða, þessi tækni tók við af hinni hefðbundnu múrara aðferð sem ríkti í Danmörku fram að þessu. Á þennan hátt var hægt að byggja stærra, ódýrar og fljótar. Gellerupparken er lýsandi dæmi frá þessu tímabili. Byggingameistarar, arkitektar, borgaryfirvöld jafnt sem stjórnvöld sameinuðust með því markmiði að búa til raunhæfa lausn við húsnæðisvanda þéttbýlissvæða út frá hugmyndum funksjónalismans (Weiss, K. L., 2008). Hugsun BB á bakvið þessar stöðluðu steypueininga blokkir sínar og áætlun Gellerupplansins, sem að

¹ Montage byggeri eða steypueiningabygging.

miklu leyti má rekja til svissneska arkitektsins Le Corbusier², var að draga verkamannafjölskyldurnar úr yfirtroðnum miðbæ Árósa og einnig millistéttina, yfir í stórar og bjartar íbúðir í úthverfinu með útsýni og aðgang að grænu svæði. Þess vegna var nauðsynlegt að húsaleigan á íbúðunum væri á viðráðanlegu verði, sérstaklega ef BB ætlaði að geta verið í samkeppni við einbýlishúsa hverfin (Nygaard, 1984). „Við ætlum að gera það jafn aðlaðandi að búa í fjölbýli og að búa einbýlishúsi. Framtíðar íbúðin mun rúma alla kosti einbýlishússins, auk eiginleika og aðstöðu fjölbýlishússins“ segir Olaf Sørensen talsmaður húsaleigufélagsins í Jótlands Póstinum 29. Apríl 1967. Íbúðirnar voru í allaveganna stærðum, frá litlum stúdentaíbúðum yfir í stórar 129 fermetra fjölskylduíbúðir. Það sem gerði þetta nýja borgarskipulag merkilegra fyrir vikið var að svæðið var útbúið allri nauðsynlegri þjónustu og aðstöðu í göngufjarlægð, líkt og sjálfstætt bæjarfélag. Reist var m.a. verslunarmiðstöð³, sunnan við Gellerupparken, sundlaug í miðju hverfisins, tveir grunnskólar, fjöldi leikskóla víðs vegar um hverfið, félagsheimili, fótboltavöllur, íþróttahús, kirkja, menningar- og athafnamiðstöð, sem hýsti hótél, líkamsræktarstöð, bókersafn og veitingarstað svo eitthvað sé nefnt. Allt svæðið var og er tengt saman eins og net með göngustígum á milli blokkanna og stórra bakgarða. Einnig má nefna að í hverfinu er brennslustöð, sem notuð er til þess að brenna rusl íbúanna og með hitanum úr því er hægt að kynda íbúðirnar að einhverjum hluta. Þetta litla samfélag sem varð til í úthverfi Árósa, var útbúið nýjungum, nútímalegu fyrirkomulagi, fjölbreyttri aðstöðu, grænum svæðum og stígum sem einnig voru upphækkaðir og aðskildir frá bílastæðunum við blokkirnar (Nygaard, 1984). Menn voru jafnvel það bjartsýnir um tækifæri hverfisins, einkum verslunarmiðstöðinnar og hótelsins, að með mögulegri tengingu við hraðbrautir Norðurlýskalands væri hægt að laða viðskiptavinum alla leið frá Hamborg (Weiss, K. L., 2008). Arkitektarnir gerðu ráð fyrir að heildarfjöldi íbúa í Gellerupplaninu yrðu u.þ.b. 15.000, eða tvöfalt fleiri en í dag, þegar að svæðið væri fullklárað.

Áætlunin var að byggja Gellerupplanið í fjórum köflum, en þegar menn voru hálfnaðir með 3. kaflann voru framkvæmdirnar stöðvaðar vegna fjárskorts. Upprunulega var gert ráð fyrir blandaðri byggð, blokkum, einbýlishúsum og raðhúsum, en síðast nefndu byggingarnar tilheyrðu 4. kafla Gellerupplansins. Gellerupparken, var hugsjón húsaleigufélagsins um framtíðarhverfið, en það leið ekki á langinn fyrr en að

² Le Corbusier er talinn vera einn af frumkvöðlum nútímaarkitektúr. Hugmyndir hans gengu út á að skapa betra umhverfi fyrir íbúa þéttbýlissvæða. Byggingarstíllinn einkenndist oftast af háum og miklum steinsteypublokkum með vönduðu deiluskipulagi.

³ Gellerupcentret, sem í dag heitir City Vest.

vandamálin fóru að hlaðast upp í hinum daglega rekstri. Strax frá upphafi áttu menn erfitt með at ná fullri nýtingu á íbúðunum, sem leiddi til þess að margar íbúðirnar stóðu tómar og því fylgdi efnahagslegt tap. Til að gera vont verra, þegar olíukreppan 1973, hafði umtalsverð áhrif á danskt þjóðfélag. Um miðjan 8. áratug neyddist sveitarfélagið að koma Brabrand Boligforening til bjargar, einkum vegna taprekstrar á menningar- og athafnamiðstöðinni. Upp úr 1980 voru meira en helmingur íbúa Gellerupparkens atvinnulausir og erfiðir tímar láu framundan, þar á meðal félagsleg vandamál, fækkun stofnanna, lélegt orðspor og því um líkt sem einkennir hverfið enn þann dag í dag. Efnahagsvandamál húsaleigufélagsins þýddu einnig það, að hverfisskipulagið var aldrei full klárað (Weiss, K. L., 2008).



Mynd 1. Loftmynd af Gellerupparken árið 2003.

Notkun og skilgreining hugtaksins gettó samkvæmt dönskum lögum: „Almenlovens definition på et ghettoområde, § 61a“ (samþykkt des. 2010).

Formleg skilgreining á fátækrarhverfi er kennd við afmarkað íbúðarhverfi, þar sem búa að minnsta kosti 1000 manns og þar sem tvö af þremur viðmiðum er uppfyllt:

1. Hlutfall innflytjenda og afkomenda frá ekki-vesturlöndum fer yfir 50%.
2. Hlutfall íbúa á aldrinum 18-64 ára, sem eru utan vinnumarkaðarins eða án menntunar, fer yfir 40% að meðallagi síðstu fjögur ár.
3. Þegar fjöldi dæmdra sem brotlegir eru við refsilög, vopnalög eða fíkniefnalög á hverja 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, fer yfir 270 persónur að meðaltali síðustu fjögur ár.

Heimild: Ministeriet for By, Bolig og Landdistrikter.

Gellerupparken samanstendur af fjölbreyttum og mörgum ólíkum hópum íbúa. Það búa sérstaklega margir innflytjendur (allt að 80 þjóðerni) og nýbúar. Árið 1995 voru 69% af íbúum hverfisins innflytjendur og afkomendur frá ekki-vesturlöndum⁴, á meðan hlutfallið hækkaði í 86% árið 2008 og hefur haldist nokkurn veginn á svipuðu stigi síðan. Hlutfall ungmenna er sömuleiðis hátt, u.þ.b. 40% íbúa eru undir 18 ára aldri og einungis 4% eru 65 ára og eldri (Samvirket, 2012). Efnahagslega séð búa margir fátækir í Gellerupparken. Samkvæmt skýrslu Arbejderbevægelsens Erhvervsråd (2010) er Gellerupparken fátækasta svæði Danmerkur með 19 % íbúa undir fátæktarmörkum OECD⁵, þar að auki er hlutfall atvinnulausra íbúa á aldrinum 18-64 ára yfir 50 % (AE, 2010). Gellerupparken og nágrannahverfið Toveshøj eru á lista Danska ríkisins yfir sérstaklega bágstaddir hverfa (d. *særligt udsatte boligområder*)⁶ út af ofanefndum þáttum. Hvað varðar önnur félagsleg vandamál, þá hefur hverfið lengi barist við háa glæpatíðni, sem er langt yfir meðallagið í Árósum (og á landsvísu), en einungis miðborgin er með fleiri kærur til lögreglu en Gellerup (Østjyllands Politi, 2013). Húsaleigufélagið hefur sérstaklega verið að kljást við skemmdarverk og innbrot, en einnig er þjófnaður og líkamsrásir algengari en víðast hvar annars staðar. Sömuleiðis er hlutfall ákærðra ungmenna (10 til 17 ára) þrefalt hærra í Gellerup en annarsstaðar í Árósum, eða 6 % á móti 2 % (Center for Boligsocial Udvikling, 2011, bls. 31).

⁴ Líbanon, Sómalía, Tyrkland eru megin innflytjendalöndin (Samvirket, 2012)

⁵ Fjölskylda eða einstaklingur er skilgreindur sem fátækur ef viðkomandi er með helmingi minni árstekjur en meðaltekjur í tilteknu samfélagi.

⁶ Hér um að ræða hinn svokallaða fátækrahverfislista eða „ghettolista“, sem hefur verið gefin út árlega frá árinu 2010.

3 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður útlitað valdar kenningar og fyrri rannsóknir á gettóum. Áhersla er lögð á afbrot, frávíkshæðun og menningarkima. Þetta eru lykil atriði sem eiga sérstaklega við hverfi eins og Gellerupparken. Í lok kaflans verður reifað „helgistein“ gettóanna og misheppnaðra hverfisskipulaga, Pruitt-Igoe, sem er eitt sterkasta dæmi um hvernig borgir á vesturlöndum hafa í mörgum tilfellum mistekist að gera stóru blokkarhverfin sín að ásættanlegu aðsetri.

3.1 Shaw og McKay – Social Disorganization Theory

Kenningin um félagslegt óskipulag er oftast kennd við rannsókn sem Clifford Shaw og Henry McKay gerðu árið 1942 í Chicago. Shaw og McKay vildu sýna fram á hvernig afbrot væru eðlileg viðbrögð félagslegra, kerfislægra og menningarlegra einkenna ákveðna samfélaga og að útskýra hvernig frávíkshæðunin varð til meðal lágstéttar karlmanna á þéttbýlissvæðum. Í rannsókninni var notað sérstök kort (e. *spatial maps*) til þess að staðsetja búsetu unglunga sem höfðu komist í kast við lögin. Með notkun opinberra gagna settu þeir saman kort sem sýndi á myndrænan hátt m.a. tíðni, svæði og dreifingu glæpaatburða. Í endanlegri útgáfu var lýst brotatíðni ungmenna með ítarlegri umfjöllun á þremur tímabilum í Chicago: 1900-1906, 1917-1923 og 1927-1933 (Shoemaker, 1996).

Tvímennigarnir komust að því að glæpatíðni unglunga í borginni var langt frá því að dreifast jafnt, hvað varðaði tíma og staðsetningu. Afbrotin voru líklegri til þess að eiga sér stað á ákveðnum svæðum í borginni. Auk þess var lítil breyting á tíðni afbrotanna á mismunandi svæðum, þrátt fyrir stöðugar breytingar á íbúum sem bjuggu í tilteknum hverfum. Í hverfum með háa glæpatíðni, hélst tíðnin há án tillits til þess hvaða kynþáttur eða þjóðerni hópsins var sem bjó í tilteknu hverfi á ákveðnum tíma. Sömuleiðis þegar einstaklingar úr glæpahverfunum fluttust yfir í hverfi með lága glæpatíðni, lækkaði glæpatíðni þeirra í samræmi við nýja hverfið. Þessar uppgötvanir leiddu Shaw og McKay að þeirri niðurstöðu, að afbrot væri hluti af gangverki hverfa og ekkert endilega eiginleiki sem stafaði frá einstaklingunum sjálfum innan hverfanna, eins og áður var haldið (Shaw og McKay, 1942). Þeim vantaði þó ennþá svar við megin spurningunni sem var: Hvað einkennir þau hverfi þar sem glæpatíðni helst stöðug? Til þess að svara þessari spurningu, lögðu þeir sérstaka áherslu á þau borgarsvæði sem

höfðu farið í gegnum örar félagslegar og efnahagslegar breytingar, eða svokölluð breytingarsvæði (e. *zones of transition*). Þar að auki var litið til hverfa sem einkenndust af lágri félagshagfræðilegri stöðu. Shaw og McKay sýndu fram á að hverfi sem einkenndust af efnislegum skorti (e. *economic deprivation*) væru líklegri til þess að vera með háa íbúaveltu, þar sem að þessi hverfi væru minna aðlaðandi fyrir langvarandi búsetu og þar með myndu íbúar flytja burt um leið og þeir hefðu efni á því. Félagshagfræðileg veik hverfi eru oftast en ekki fyrsti áfangastaður margra innflytjenda, sem leiðir til þess að hverfin verða mjög misleit í samsetningu hvað varðar þjóðerni og kynþætti.

Sem sagt, félagshagfræðilega veik hverfi einkenndust, samkvæmt Shaw og McKay, af miklu íbúaf læði og kynþáttamisleitni. Þessi hverfi voru álitin félagslega óskipulögð. Á þessum svæðum, voru venjulegar stofnanir sem sinna félagslegu taumhaldi (t.d. fjölskyldan, skólar, kirkjur og íbúafélög) máttlausar og ófærar um að stjórna hegðun unglunga hverfisins. Shaw og McKay (1942) komust einnig að því, að ekki einungis, mistekst félagslegu óskipulögðu hverfunum að stjórna fyrir hegðun unglunganna, heldur ýta þau einnig félagslega undir glæpsamlegar hefðir (e. *criminal traditions*) sem færast yfir á næstu kynslóðir. Þetta kerfi eða viðmót sem hvetur til glæpa, myndi auðveldlega smitast frá eldri brotamönnum til ungmenna í gegnum dagleg samskipti. Á þann hátt myndu hverfi sem einkennast af félagslegu óskipulagi, tryggja frjósaman jarðveg fyrir afbrot og vanrækslu á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með skorti á félagslegu taumhaldi og í öðru lagi með því að ýta undir menningarkima sem samþykkir og verðlaunar glæpi o.fl.

Kenning Shaw og McKay var og er enn þann dag í dag, mjög viðeigandi í rannsóknum á hverfum og þá sérstaklega gettóum. Sjónarhorn þeirra virtist þó hafa verið í mikilli lægð á tímabili, sökum þess að vísindasamfélagið fór að einblína meira á einstaklinginn frekar en stærri hópa upp úr lok 7 áratugsins. Það var orðið almennara að leitast skýringa með félagssálfræðilegri áherslu og breyttar rannsóknaraðferðir höfðu það í för með sér að menn færðu sig úr makró-stigs afbrotafræði yfir í að skoða einstaklingsferli (Bursik og Grasmick, 1992). Það var ekki aftur fyrr en á 9. Áratugnum sem að fræðimönnum eins og Sampson, Bursik, Groves og fleirum tókst að endurlífga kenninguna með nokkrum lagfæringum.

Það hefur verið töluverð gagnrýni á verki Shaw og McKay í gegnum tíman, og má nefna þar tvær frásöguverðar. Í fyrsta lagi dregur útskýring félagslegs óskipulags á afbrotum og misferli unglunga úr mikilvægi þjóðernis og menningarþátta. Sum þjóðerni

geta t.d. hvatt til afbrotahegðunar þar sem að afbrotin yrðu ekki álitin sem röng í tilteknu menningarlegu umhverfi. Í öðru lagi veitir hún takmarkaða útskýringu á einstaklingsáhrifum á glæpahegðun.

Kjarni málsins er að félagslegt óskipulag er afleiðing þess að ákveðið samfélag tekst ekki að samræma almenn gildi og leysa vandamál íbúa sinna, sem leiðir til þess að áhrifaríkt félagslegt taumhald rofnar á tilteknu svæði (e. *community*). „Félagslegt óskipulag er grunn orsök kerfisbundinnar afbrotahegðunar“ – Edwin Sutherland. Það er, kerfisbundin afbrotahegðun skilgreinist sem endurtekin, mynstruð eða skipulögð brot ólíkt handahófskenndum tilfellum (Sutherland, 1939). Þessi kenning undirstrikar að frávíkshægðun (e. *delinquency*) skapist ekki á einstaklings stigi, heldur er hún álitin sem eðlileg viðbrögð eðlilegra einstaklinga við óeðlilegum félagslegum aðstæðum. Þar af leiðandi verður til óbeint tap í því að geta ekki athafnast sem félagsheild og einstaklingar fá ótakmarkað frelsi til þess að tjá vilja sinn, óskir og þrá sem oft endar í frávíkshægðun (Short, 1972).

3.2 Útfærsla Sampsons

Samkvæmt Robert Sampson (1993) verða allar kenningar sem snúa að afbrotum að byrja á þeirri staðreynd að afbrotamenn eitt sinn voru hluti af jafningjahóp, oftast götugengjum, og að gengismeðlimur verður fyrst sibrotamaður þegar félagslegt taumhald er ófullnægjandi og mistekt að varpa ljósi á frávíkshægðun viðkomandi frá unga aldri. Sampson er fylgjandi hugmynda Shaw og McKay (1969) um að ef fjölskyldur og ættingjar veiti takmarkað eða veikt eftirlit og ófullnægjandi félagsmótun, þá séu börn úr slíkum fjölskyldum (e. *broken families*) líklegri til að slást í fylgd með glæpagengjum nema að aðrir taki að sér hlutverk foreldranna. Börn sem koma úr fjölskyldum sem eru í ójafnvægi eru jafnvel ólíklegri til að verða fyrir áhrifum jafnaldra í samfélögum þar sem flestar fjölskyldueiningar eru traustar. Samþætt samfélög (e. *community*) eru líklegri til að bera kennsl á ókunnugum einstaklingum, tilkynna óæskilega hegðun til foreldra sinna og vara hvort annað við. Mikil íbúavelta og há/stór fjölbýlishús (e. *high-rises*) minnkar getu fólks til að koma á fót og viðhalda félagslegum tengslum. Formlegar stofnanir eins og skólar, kirkjan og lögreglan eru staðgenglar fjölskyldu og vana í mörgum samfélögum, en fátæk, ótraust samfélög skortir oft en ekki stofnanir og pólitísk tengsl til að geta sagt afbrotum stríð á hendur og boðið ungu fólk annan kost en frávíkshægðun. Sampson ályktar að „empírisk gögn bendi til þess að

kerfisbundnir þættir Félagslegs óskipulags hafi þýðingu fyrir útskýringu á makró stigs breytileika á ofbeldi“ (1993). Félagslegt óskipulag getur auk þess leitt af sér afbrot með því að einangra samfélög frá meginstrauma menningunni.

Til að bæta upp fyrir galla kenningu Shaw og McKay, lagði Sampson fram kenningu um kynþátt og þéttbýlisjöfnuð, í sameiningu við William Wilson, sem á að útskýra hið skakka tölfræðilega hlutfall bandarískra blökkumanna sem bæði fórnarlamba og gerenda ofbeldisglæpa (Sampson og Wilson, 1995). Grunn hugmyndin er sú að kynþáttamismunur sem á sér stað á samfélagsplani, ýti undir félagslegrar einangrunar og vistfræðilegar samþjöppunar þeirra verst settu, sem leiðir af sér kerfislægar hindranir og menningarlega aðlögun sem grefur undan félagslegs skipulags og að lokum öllu valdi yfir afbrotum. Sampson og Wilson héldu því fram að með þessari nálgun væri hægt að sýna fram á orsakir ofbeldis á samfélagsplani, væru þær sömu meðal hvíttra og svartra, en að kynþátta aðskilnaður í hverju samfélagi fyrir sig gerir minnihlutahópa berskjaldaðri fyrir ofbeldishvetjandi og ofbeldisverndandi félagslegu gangverki, þar með væri hægt útskýra mismuninn á svörtu og hvítu ofbeldi. Kenning þeirra er þekkt og mikið notuð í dag til að útskýra kynþátta-breytileyka (*e. racial invariance*) í grundvallar orsökum afbrota.

Sampson og samstarfsfélagar bæta einnig við annarri nálgun í útfærslunni á félagslegu óskipulagi, það er, félagsauðs/sameiginleg virkni sjónarhornið. Sampson færir rök fyrir því að félagslegt óskipulag minnki félagsauðinn og sameiginlega virkni og þar með verður til frjósamur jarðvegur fyrir glæpi og ofbeldi. Félagsauður ýtir undir traust og samstöðu íbúa, á meðan sameiginleg virkni (*e. collective efficacy*) gefur íbúum trúna á að geta stjórnað fyrir ákveðni óæskilegri hegðun í hverfinu sínu. Það sem er sérstaklega mikilvægt í þessu afbrigði „social disorganization“ er uppbygging tengslanets milli kynslóða, gagnkvæm millifærsla ráðgjafar, ábendinga, efnislegra gæða og upplýsinga varðandi barnauppleði, og væntingar um sameiginlega óskrifada stjórn, stuðning og eftirlit barna í hverfinu (Sampson, Morenoff og Earls, 1999).

3.3 Subculture of violence

„Eins og með alla mannlega hegðun..þá þarf að líta á morð og aðra ofbeldis glæpi í því menningarlega samhengi sem þau eiga sér stað í“ (Wolfgang og Ferracuti, 1967, bls. 150). Dreifing frávikshegðunar „er ekki jöfn í hinum félagslega heimi. Það eru margar

vísindalegar athuganir sem sýna fram á að stéttarstaða, þjóðerni, atvinnustaða og aðrar félagslegar breytur séu sterkar vísbendingar fyrir spá um tíðni mismunandi tegunda frávíkshæðunar“ (Wolfgang og Ferracuti, 1967, bls. 151).

Ofbeldi verður oft til vegna tilraunar eins aðila til að koma á fæti eða endurreisa valdastöðu sína yfir öðrum aðila (Hepburn og Voss, 1973). Ofbeldisverk geta blossað upp milli eiginmanns og eiginkonu, viðskiptafélaga, foreldra og barna, systkina. Hvert tilfelli getur leitt til mismunandi tegundar ofbeldis (morð, líkamsárás, barnamisnotkun, heimilisofbeldi), en valda mismunur er alltaf það sem aðskilur gerendann og fórnarlambið.

„Menningarkimi er ‚normative‘ kerfi í ákveðnum hópum eða hópum sem eru minna en heildarsamfélagið“ (Wolfgang og Ferracuti, 1967, bls. 103). Í þessum hóp fyrirfinnst kerfi félagslegra gilda (e. *value*) sem er bæði frábrugðið og hluti af stærra gildiskerfi. En menningarkimi er aðeins frábrugðin „foreldra“ menningunni að hluta til, og getur aldrei verið algerlega ólíkur þeirri menningu sem hann er hluti af, annars væri hann „contraculture“ samkvæmt Wolfgang (1967, bls. 99-100). Þetta gefur til kynna að menningakiminn eigi helstu megin gildi sameiginleg með hinni ríkjandi foreldra menningu (Wolfgang og Ferracuti, 1967, bls. 104).

Í *The Subculture of Violence*, byggja Wolfgang og Ferracuti á fyrra verki Wolfgangs þar sem rannsakað var ýmis hverfi blökkumanna í miðborg Philadelphia með tilliti til þess að geta sett fram skilgreiningu á hugtakinu ‚menningarkimi‘. Megin markmið þeirra var að byggja upp aðferð sem gæti borið kennsl á og mælt ofbeldismenningarkima (e. *subcultures of violence*) til þess að geta sannað tilveru þeirra. Til þess að geta gert það, lögðu þeir fram samþætta aðferðafræðilega og kenningarlega nálgun, sem felur í sér samansafn af afbrotufræði kenningum og einnig félagsfræðilegu og sálfræðilegu innsæi. Hvað varðar samhengi kenningarinnar, þ.e. hvernig valda menningarkimar ofbeldi, útskýrðu Wolfgang og Ferracuti á eftirfarandi hátt: Ofbeldi er afurð fylgispektar við ofbeldishvetjandi menningarkima sem er í beinum átökum við ríkjandi menningu. Þó svo að þeir haldi því ekki fram að menningarkimar séu í algerri baráttu við þjóðfélagið sem þeir tilheyra, þá benda þeir samt sem áður á að augljós notkun ofbeldis, annað hvort í samskiptum milla einstaklinga eða hópa, sé endurspeglun grunn gilda sem aðskilja hópinn frá ríkjandi foreldra menningunni (Wolfgang og Ferracuti, 1967, bls. 158). Wolfgang og Ferracuti veita hins vegar enga útskýringu á hvernig ofbeldiskenndir menningarkimar verða til frá upphafi, nema að

fyrirbærið eigi tilhneigingu til að birtast í lágstétt, hjá minnahlutahópum og karlmönnum.

Útbreiðsla ofbeldis í þessu samhengi, er álitid sem afleiðing ákveðnar tilhneigingar einstaklinga í þessum menningarkima í að umfaðma gildi og norm sem ýta undir notkun ofbeldis við ákveðnar aðstæður. Það sem þetta felur í sér er hugmyndin um ágreining, sem bendir til þess að ofbeldi er aðal leiðin fyrir aðila innan menningarkimans, til að viðhalda og vernda stöðu sína. Samkvæmt Wolfgang og Ferracuti eru ofbeldisfull viðbrögð við ógn á mannorði eða heiður menningarlega fest, í ljósi þess að ef ekki tekst að bregðast við varnarlega geti það valdið lífshættulegum afleiðingum. Í þessum skilningi, gegna ofbeldis gildi hlutverki félagslegs taumhalds, þar sem það þarf aðila úr menningarkimanum til að taka þátt í ofbeldinu til að verjast og lifa af. Þess vegna þurfa einstaklingar af þessu tagi litla sem enga ögrun til að réttlæta reglulegt og samviskulaust ofbeldi sitt (Wolfgang og Ferracuti, 1967, bls. 314).

Þótt svo að hugmyndir þeirra séu upprunulega komnar frá menningar-frávíks fræðimönnum, þá byggja Wolfgang og Ferracuti kenningar sínar algerlega á opinberum tölfræðigögnum um tíðni morða á þeim tíma, sem sýndi háa samþjöppun ofbeldisglæpa einkum í fátækum, minnihlutahópa hverfum í Filadelfíu. Með þessari tölfræði komast þeir að þeirri skýringu að „subcultural violence“ sé einstakt utanveltu (e. *marginalized*) karlkyns fyrirbæri. Gagnstætt hinu handahófskennda og óeðlilega ofbeldi meginstrauma heimsins, er þessi ákveðni stofn ofbeldis, samkvæmt Wolfgang og Ferracuti, hópa (e. *collectiv*) fyrirbæri og eðlileg reynsla fyrir fátæka, ekki-hvíta karlmenn.

Aðferðafræðin sem er lögð fram í *The Subculture of Violence*, fókuserar á að greina ofbeldishvetjandi gildi (e. *proviolent*). Því er haldið fram að með athugun á þessum gildum, sé hægt að öðlast innsýn í gildi hópsins, þar sem að hópurinn heldur þessum gildum uppi með því að verðlauna fylgispekt og refsa frábrigðni. Einstaklingshegðun, viðhorf og skilningur eru talin lykll að skýringu á heildarhegðun í menningunni. Með þetta í huga, leggja Wolfgang og Ferracuti til eftirfarandi:

Við leggjum fram þá tillögu að með því að greina þá hópa sem eru með hæstu tíðni morða, þá ættum við að geta fundið gríðarlega sterka ofbeldis menningarkima; og með því að einblína á þessa hópa þá ættum við í kjölfarið að skoða gildiskerfi þessara menningarkima, vægi mannlífs í samanburði við gildi, viðbrögðum við mismunandi tegundum af áreiti, mismunandi skynjun og mat á atburðum, og almenna persónuleikamótun einstaklinga í ofbeldis menningarkimum (Wolfgang og Ferracuti 1967, bls. 153).

Þannig að eftir að borið er kennsl á hugsanlega ofbeldis menningarkima, grundvallað á tölfræði sem gefur til kynna samþjöppun ofbeldis meðal utanveltu karlmanna, hvort að ofbeldishvetjandi gildi séu til staðar verður að meta út frá mælingum á sameiginlegt samþykki, hvatningu og verðlaunun með því að taka þátt í ofbeldi. Að lokum, til að kanna hvort breytileiki eigi sér stað meðal grunaðra menningarkima og millistétta einstaklinga, Wolfgang og Ferracuti leggja til að mæla „félagsleg gildi með hlutfalls kvarða (eins og í sáleðlisfræði) með áherslu á birtingu ofbeldis í hegðun“ (Wolfgang og Ferracuti, 1967, bls. 315). Þó að þeir noti ekki aðferðina eða prófi kenningu sína í *Subculture of Violence*, þá vilja þeir meina að aðferðin geti með öryggi borið kennsl á fylgjendur þessara menningarkima, spáð fyrir um hverjir gætu orðið næstu fylgjendur og gengið úr skugga um staðsetningu slíkra aðila (Wolfgang og Ferracuti, 1967, bls. 315).

3.4 Fyrri rannsóknir: Pruitt-Igoe Myth

Pruitt-Igoe Myth (Friedrichs, 2011) er heimildarmynd sem fjallar um félagslegt fjölbýlishúshverfi í St. Louis, Bandaríkjunum. Hverfið var reist um miðjan 6. Áratug 20. Aldarinnar, sem hluti af eftirstíðs hugmyndum um að byggja nýjar risablokkir með nútímalegum íbúðum á hagstæðu verði, í stað gömlu fátækrahverfanna (e.*slums*). Í upphafi 8. Áratugsins var Pruitt-Igoe í svo mikill niðurnislu að ákveðið var að rífa blokkirnar⁷. Niðurrif bygginga var sýnd í sjónvarpinu víðs vegar um Bandaríkin og þannig varð mýtan til: „Félagslega húsnæðis kerfið á vegum ríkisins var skipulagsslys og dæmi um óraunverulegar hugsjónir“ (Friedrichs, 2011). Arkitektinn Charles Jencks gengur meira að segja það langt að kalla örlög hverfisins, „dauða nútíma byggingarlistar“.

Í Pruitt-Igoe Myth, sem er leikstýrt af Chad Friedrichs, er markmiðið að leysa frá skjóðunni og rannsaka hvað sé á bakvið mýtuna. Friedrichs skoðar pólitíkina á bakvið hverfið og hönnunina og reynir að komast að kjarna vandamálsins. Það sem áhorfandinn kemur fyrst auga á í Pruitt-Igeo Myth eru 33 byggingar, allar stórar og miklar 11 hæða blokkir. Samstæðan átti að einkenna arkitektúr Le Corbusier, og með arkitektinum Minoru Yamasaki var áætlunin að leysa húsnæðis vandamál fátækra í St. Louis með lóðréttum nútímabyggingum. Loforðin um betra umhverfi sem átti að fylgja

⁷ 1954 – 1978: Frá því að fyrsta byggingin var reist og síðasta byggingin rifinn.

hverfisSKIPULAGinu féll þó snemma til jarðar. Nýting íbúðanna varð aldrei meiri en 91% árið 1957 og frá þeim tímapunkti var lá þróunin niður á við. Við lok 1960 voru byggingarnar nánast afklæddar íbúum, rúður voru brotnar og sums staðar var meira að segja hægt að sjá beint í gegnum íbúðir. Íbúarnir sem bjuggu ennþá í hverfinu þurftu að harka af sér ástandið til þess að verða ekki fyrir áreiti vandræðagemsa sem herjuðu á Pruitt-Igoe. Gagnrýnendur nútíma byggingarlistar voru fljótir að skjóta á hönnun blokkanna sem ástæðu fyrir síhækkandi afbrotatíðni og flóttu íbúanna. Langir stigagangar með lyftum sem stoppuðu einungis á fyrstu, fjórðu, sjöundu og tíundu hæð áttu að auka tengsl íbúanna með því að fá þá til að umgangast hvorn annan meira, en þetta leiddi til þess að fólk varð fyrir reglulegi áreiti og ránum. Myndin setur einnig sögu hverfisins í samhengi við aðrar bandarískar borgir eftir seinni heimsstyrjöldina, þar sem tilhneigingin var sú að störfum fækkaði (vegna minnkandi iðnaðar) og sömuleiðis fólksfjöldanum, einkum hvítum íbúum og þeir fluttust út fyrir borgarmörkin í úthverfin. Á þessu tímabili, eða frá 1950 til 1980 fækkaði íbúum St. Louis um helming⁸. HverfisSKIPULÖG eins og Pruitt-Igoe, voru víðsvegar um Bandaríkin byggð og skilin eftir í basli við minnkandi borgir og skattfé. Í Húsnæðislögunum frá 1949 var bæði hvatt til endurnýjun þéttbýlis og styrkingu úthverfa, eins mótsagnakennt og það hljómar. Þess fjölskyldur gátu sótt um styrk til að byggja sér hús í úthverfunum, en á sama tíma var verið að veita stuðning til uppbyggingu miðsvæðis (e. *inner city*) blokkahverfa. Ríkisstyrkir flæddu til byggingaráætlana eins og Pruitt-Igoe og viðhaldskostnaðurinn átti að fjármagna með húsaleigunni, en vegna fækkandi íbúa endaði þetta í algjörum vítahring þar sem að peningurinn sem átti að tryggja öryggi og viðhald var ekki til staðar vegna íbúar flóttu (Saltz, 2012). Í myndinni eru auk þess tekið viðtöl við fyrrum íbúa blokkanna, sem fluttu í Pruitt-Igoe með miklar væntingar og þeir vekja sömuleiðis minningar um dálæti þeirra á byggingunum sjálfum sem enn lifa með þeim í dag.

Í lok myndinnar virðast Friedrichs og félagar álykta að hönnun bygginganna hafi ekki átt neinn þátt í að verða hverfinu að falli. En gagnrýnendur nútíma byggingarlistar (e. *modernism*) héldu gagnstæðu sjónarmiði fram og bentu á dæmi um að nágrannahverfi Pruitt-Igoe hafi ekki upplifað sömu örlög þrátt fyrir svipað umhverfi, en aftur á móti með öðruvísi byggingarstíl og skipulag. Það má með öryggi segja að margir þættir hafi mótað örlög Pruitt-Igoe, þám. efnahagslegir, lýðfræðilegir, pólitískir og að öllum líkindum líka byggingarskipulagslegir (Bristol, 1991). Í grein eftir Katherine

⁸ Þessi þróun er oft lýst sem „Suburbanisation“ í Bandaríkjunum, þar sem íbúar stórborga fóru að flytjast út fyrir borgarmörkin, oftast í úthverfi eða svefnbæi.

Bristol (1991) sem ber sama titil og kvikmyndin, er einnig farið yfir hvernig mönnum hefur tekist að einfalda feikistórt ferli (félagslegt, pólitískt og menningarlegt) með því að einblína einungis á arkitektúr Pruitt-Igoe sem megin orsakavald fall hverfisins. Pruitt-Igoe verður til og deyr á vægast sagt umskiptamiklu tímaskeiði í sögu Bandaríkjanna.



Mynd 2. Loftmynd af Pruitt-Igoe árið 1963.

4 Framkvæmd rannsóknar

4.1 Almennt

Nálgun rannsakanda er eigindleg (e. *qualitative*) og sérstök áhersla er lögð á lífs sögu sniðið og djúpvíðtöl. Með eigindlegri aðferðafræði er markmiðið að rannsaka reynslu einstaklinga og félagsleg ferli. Megin áherslan er á það sem „er að gerast“, en ekki á útkomu ferlisins. Enn fremur er grundvallaratriði slíkra rannsókna að varpa ljósi á reynslu og upplifun þátttakenda/viðmælenda (Esterberg, 2002). Félagsfræðingar af þessu tagi gera tilraun til að sjá heiminn út frá sjónarhorni þess sem verið er að rannsaka, auk þess að greina atferli þeirra og búa til merkingarbæra þekkingu úr því. Hinn boginn, meginlegi nálgunin, byggir hins vegar á mælingu afmarkaðra félagslegra fyrirbæra með notkun tölfræði gagna og móðela til að ákvarða mynstur og tilhneigingar meðal tiltekins viðfangs eða breyta. Þar sem að þessi aðferð krefst stærra úrtaks og fleiri þátttakenda er meiri hættu á því að förnað sé dýptinni fyrir breidd. Eigindlegir rannsóknarmenn, gagnstætt meginlegum, vinna oftast með takmarkaðan fjölda tilvika (e. *case*) og jafnvel bara eitt tilvik. Þeir hafa þar að auki fjölda af tilgátum, kenningum, og aðferðum til að framleiða litríka og nákvæma frásögn af félagslegu lífi einstaklinga. Styrkur eigindlegu rannsóknaraðferðarinnar liggur einnig í því að geta veitt einstakt innsýni í samspil mikró- og makrófélagslegra afla.

4.2 Gagnasöfnun

Það var ávallt ætlunin frá upphafi að undirstaða rannsóknarinnar yrði lífssaga undirritaðs. Það varð þó ljóst fyrir höfundu að eitt sjónarhorn eða upplifun úr hverfinu Gellerupparken, væri of takmarkað. Þess vegna var ákveðið að hafa samband við aðra einstaklinga sem höfðu alist upp í hverfinu. Einu skilyrðin sem sett var fyrir þátttökuna, var að einstaklingarnir höfðu búið í hverfinu á sama tímabili og höfundur (1999 - 2010), og sömuleiðis verið á svipuðum aldri, þ.e.a.s. að þeir hafi verið ungmenni á þessum tíma. Tekið var viðtal við 3 einstaklinga, karlkyns, innflytjendur, úr árgöngunum 1989, 1991 og 1993, sem allir höfðu búið í Gellerupparken á tímabilinu 1999 – 2010. Gagnaöflun fór fram 24. apríl – 1. maí 2014.

4.3 Úrvinnsla

Fyrirkomulaginu var þannig háttað, að fyrst var farið í að greina lífssöguna. Notuð var svokölluð frásagnar-aðferð (e. narrative) til að greina lífssöguna, sem gengur m.a. út að að byggja upp raunveruleika viðmælenda í gegnum viðtöl, með áherslu á virkt samspil spyrjanda og viðmælenda. Hinn endalegi texti er afurð samvinnu þessarar tveggja aðila (í þessu tilfalli er aðeins einn), og staða viðmælenda er meðhöndlað sem einstakt sjónarhorn, miðlað í félagslegu samhengi. Greiningin er gerð á viðtalinu sjálfu, eða sjónarhorni viðmælendans á raunveruleikann, þemun sem verða til úr frásögninni og hvernig fortíðin endurskapast úr henni og sömuleiðis merkingunni þaðan (Miller, 2000). Þetta felur auk þess í sér að míkro-greina allan texta, til að geta fengið almennilegt innsæi og yfirsýn yfir samhengi frásagnarinnar.

Eftir að búið var að greina lífssöguna og samfletta hana í kenningarnar, þar sem átti við, var notað helstu þemu frásagnarinnar til að búa til spurningar fyrir viðtölin 3. Þar af leiðandi var æskilegast að hafa viðtölin hálfstöðluð, þar sem að mikilvægt var að hafa spurningar tengdar lífssögunni og á sama tíma skilja eftir rými fyrir ábendingar viðmælenda og frekari útlistun. Viðtölin voru öll tekin í gegnum fjarskiptaforritið Skype, þar sem að allir þátttakendurnir voru búsettir og staðsettir í Danmörku. Þar að auki voru öll viðtölin á bilinu 30-40 mínuta löng og spurningarnar samtals 12. Að lokum var gerð samanburðar greining (e. *comparative analysis*) á Gellerupparken og Pruitt-Igoe til þess að draga efnið saman og setja það í samhengi við fyrri rannsóknir.

5 Niðurstöður

5.1 Almenn upplifun

Það fyrsta sem kom í ljós var að þrátt fyrir mismunandi skoðanir á hverfinu sjálfu, þá voru allir þátttakendur sammála um það að reynslan úr Gellerupparken hafi verið lærdómsrík og áhrifamikil. Tveir af viðmælendunum lýsa þessu almenna sjónarhorni á eftirfarandi hátt:

Bara frekar áhugaverð upplifun. Þegar maður lítur tilbaka á eitthvað, þá finnst manni hlutirnir alltaf hafa verið einfaldari en þeir í rauninni voru. En þetta var frekar uppbyggileg upplifun.

Og:

Mér fannst eins og að, ef maður skipti þessu í góða og lélega hluta, þá var gott að geta fengið innsýni í marga ólíka hópa á einum stað. Maður fékk smá „bragð“ af ýmsum menningarheimum. Neikvæða hliðinn var náttúrulega að það var svo mikið af vandamálum í hverfinu, mikið af krimmum. Mikið af hatri og pirring, og maður fann það augljóslega á krökkunum í hverfinu, þeir höfðu ekki hugmynd um hverjir þeir voru. Þeir voru að reyna að finna sig sjálfa í þessari óreiðu og það birtist m.a. í hegðun þeirra.

5.2 Ólíkir menningarheimar

Frá upphafi búsetu höfundar var alveg ljóst að í Gellerupparken væri ákveðið andrúmsloft sem kynti undir „við“ og „þið“ afstöðu íbúa. Þegar undirritaður hóf skólagöngu sína í hverfisskólanum Nordgårdsskolen, 10 ára gamall, varð þetta honum nokkuð ljóst:

Þegar ég kom til Danmerkur kunnir ég að sjálfsögðu ekkert í dönsku, enda einungis á tíunda ári. Ég var settur í móttökubekk, þar sem ég og nokkrir aðrir fengum sérstakan stuðning til að læra málið. Þegar ég smátt og smátt náði tökum á málinu, fór það að renna upp fyrir mér að færri og færri af

nemendunum í kringum mig voru danir. Eða þeir litu allaveganna ekki sjálfir á sig sem dani (Líbanir, kúrdar, palestínúmenn, tyrkir, sómalir..). Eftir 3 mánaða tilveru í móttökubekknunum var mér hleypt inn í „venjulega“ bekkinn. Á einhverjum foreldrafundi í skólanum, sem tengdist litla bróður mínum, voru foreldrar mínir spurðir hvort að þeir vildu ekki að sonur þeirra myndi læra arabísku, því að lang flestir nemendurnir voru talandi á þeirri tungu. Mjög undarleg afstaða fannst mér þá og geri enn í dag. Það liðu ekki margir mánuðir, áður en foreldrar mínir ákváðu að þetta væri ekki rétti skólinn fyrir okkur. Enda get ég ekki ímyndað mér hvar ég væri í dag hefði ég þurft að vera þarna næstu árin.

Þegar foreldrar mínir færðu mig úr hverfisskólanum yfir í annan skóla utan Gellerupparken, þá man eftir sérstöku atviki. Þetta var í fyrsta skipti sem ég rakst á einhverja úr gamla skólanum, þá var ég á leiðinni með flöskur út í búð og ætlaði að kaupa mér eitthvað fyrir peninginn. Þegar ég var hálfnaður á leið minni, kemur hópur af strákum (áætla 10-12) og ég kannast strax við nokkra þeirra þar sem þeir voru fyrrum bekkjarfélagir mínir eða á sama ári. Upp úr engu verður til mjög vígaleg stemning og strákarnir fara að spyrja mig hvað ég sé að gera og af hverju ég skipti um skóla. Einn spurði mig hvort ég héldi að ég væri eitthvað betri en þeir, og áður en ég náði að svara einhverju hikandi, þá leggur einn þeirra til að ég verði laminn og að núna sé rétti tíminn til þess. Það vildi svo heppilega til að þeir hættu við það, en skilja mig eftir með aðvörun. Á þessum tímamarki var ég ekki búinn að ná fullum tókum á tungumálinu, og það tók mig nokkurn tíma að fatta hvað þeir höfðu í rauninni verið að segja. Þetta atvik, rúmlega ári eftir að ég fluttist í hverfið og rétt eftir að ég var búinn að skipta um skóla, opnaði augun mín fyrir umhverfinu og sá áhugi hefur fylgt mér síðan.

Hér fann höfundur fyrir sterkari tilfinningu um að hann væri búinn að útskúfa sér úr félagsskapnum við það að eiga ekki samleið með krökkunum úr hverfinu hvað varðaði skólagöngu. Í hverfi sem er eins fjölbreytt og Gellerup, er afar mikilvægt að skapa sér sterkt bakland og gott tengslanet til þess að enda ekki sem „þeir“ – hinir. Hér spilar þjóðerni mikilvægt hlutverk, því hvern tengir maður sig fyrst og fremst við, sem innflytjandi, og þá sérstaklega sem Íslendingur? Shaw og McKay ræða þetta m.a. í verki sínu (1942), hvernig félagshagfræðileg veik hverfi, eins og Gellerupparken í þessu

tilfelli, eru oftast en ekki fyrsti áfangastaður margra innflytjenda, sem leiðir til þess að hverfin verða mjög misleit í samsetningu hvað varðar þjóðerni og kynþætti. Af þessari ástæðu voru viðmældurnir spurðir: „Hefur þjóðerni þitt haft einhver áhrif á uppvöxt þinn í Gellerup?“ og sömuleiðis hvort það hafi ýtt undir meiri eða minni tengsl við ákveðna hópa.

Þetta skiptir öllu máli. Út af því, ef ég flyt inn í danskt hverfi, þá hefur það ekki sömu merkingu fyrir mig. Að kunna tungumálið er eitt, en svo eru danir allt öðruvísi, þeir eru ekki eins og við. Þá meina ég almennt, þeir hafa öðruvísi hefðir... þeir hugsa öðruvísi... við erum alls ekki eins. Ef nágranni minn er frá sama landi og ég, þá er auðveldara að treysta honum, ef hann er t.d. arabi og ég er arabi, þá gefum við hvor öðrum án þess að hugsa eitthvað nánar út í það.

Samkvæmt öðrum viðmælenda virtist það skipta miklu máli hvaðan maður átti rætur sínar að rekja:

Já klárlega. Bara það, að það hafi ekki verið litið á mann sem dana...né. Eða meira kannski þannig, að maður var álitinn sem dani af hinum innflytjendunum en útlendingur af dönnunum. Auðvitað getur maður ekkert sagt að allt sé gott við heimaland manns, en mér finnst eins og þetta hafi styrkt þjóðernishyggju manns talsvert að búa þarna...vitleysingarnir í hverfinu litu á þetta þannig: ef maður er dani þá er maður einhver aumingi en ef maður er útlendingur þá er maður fínasti náungi. Og maður var í einhverju limbó þarna á milli.

Síðasti viðmælandinn tekur í svipaðan streng:

Ef fólk hélt að maður væri dani, það gerði mikið neikvætt. En ef maður sagðist vera eitthvað annað, þá var maður strax einn af hópnunum – þ.e.a.s. „útlendingunum“. Ef allir hefðu verið af sama uppruna þá hefði verið mikið auðveldara að tengjast fólki. Það skiptir ekki máli hvort það séu danir eða palestínumenn í stigaganginum, maður á bara erfiðara með að kynnast þeim..

5.3 Opinberar stofnanir

Einn mikilvægasti þátturinn í Félagslegu óskipulagi er staða stofnanna í nær-umhverfinu. Ef þær eru veikar, eða áhrif þeirra fjarverandi, þá eykst hið félagslega óskipulag til muna (Sampson, 1993). Að mati höfundar, persónulega, fór traust til lögreglunnar dvínandi með árunum. Eitt atvik stóð sérstaklega upp úr:

Frændi minn hringdi í mig eitt kvöld eftir að einhver hafði grýtt eina af rúðunum í íbúðinni hans. Atvikið átti sér stað eftir stuttan ágreining..Við félagarnir söfnum liði og ætlum að sjá hvort við finndum ekki sökudólgana. En þeir voru stungnir af stað. Frændi minn útskýrir fyrir okkur að nokkrir þeirra búi í stigaganginum sjálfum. Það vill svo heppilega til að löggan rennur í hlað rétt eftir að við komum. Að sjálfsögðu veifum við til þeirra og náum athygla þeirra. Eins grænn og maður getur verið, bjóst maður við því að einhver hefði hringt í þá vegna látanna, en það var ekki tilfellið. Þeir voru á „rúntinum“ skildist okkur. Við útskýrum fyrir þeim hvað hafði gerst, og spyrjum þá hvort þeir geti ekki mögulega skráð þetta niður hjá sér og talað við einhverja af nággrönnunum í stigaganginum. Svárið sem við fáum er að þeir, þessir lögregluþjónar, tilheyra ekki hverfislöggunni og þar með geta þeir ekki verið að sinna þörfum okkar. Við fáum að vita að við getum hringt í hverfislögregluna og fengið þá til að aðstoða okkur. Ég hringi í hverfislögguna og viti menn, það er alltof mikið að gera og þeir mæla með því að frændi minn mæti niðri á lögreglustöð í næstkomandi viku. Hver er tilgangurinn í að vera með löggur á rúntinum, sem hafa ekki leyfi til að gera eitt eða neitt?

Þetta var bara eitt af mörgum dæmum, sem lýsir fjarlægð íbúanna til lögreglunnar. Í byrjun hringja íbúarnir í lögregluna í hvert einasta skipti sem þörf er á henni, en með tímanum fer fólk hægt og rólega að íhuga aðrar lausnir og að lokum er lögreglan orðin óboðin gestur og ekki lengur hluti af hverfinu. Svör viðmælendanna voru öll á sömu nótum hvað varðaði lögregluna, þ.e. þeir höfðu lítið sem ekkert traust til hennar. Um opinberar stofnanir í hverfinu tjáði einn sig svona:

Bæði skólarnir og lögreglan sýndu alltof mikið umburðalyndi gagnvart sumum einstaklingum í hverfinu. Löggan var hrædd við það að bregðast við ákveðnum aðstæðum, þar sem að þeir óttuðust að vera kallaðir

kynþáttahatarar...mikið agaleysi í þeim. Sömuleiðis með húsaleigufélagið, og þetta verkefni sem þeir byrjuðu nýlega á „einhvertíman árið 2010“. Þetta endurskipulag á hverfinu...þeir vilja breyta götunum og opna hverfið. Bjuggu til rosa flottar auglýsingar fyrir þetta „projekt“. Þeir vilja flytja fleiri stofnanir inn í hverfið o.s.frv. Málið er nú einu sinni það, að vandamálið er ekki blokkirnar eða hverfið, vandamálið er fólkið sem býr þar. Blokkirnar í sjálfu sér eru bara dauðir hlutir. Mér finnst alveg ótrúlegt hvernig menn reyna að líta fram hjá vandamálunum á þennan hátt. Þar er eins og þeir (ríkisstjórnin, bæjarstjórnin, húsaleigufélagið) þori ekki að gagnrýna það sem liggur í augum uppi, sem sagt fólkið sem býr þarna.

Annar tekur undir svipaða afstöðu, en bætir einnig við:

Ég held að margir af þeim sem vinna með íbúum hverfisins, eins og félagsráðgjafar og aðrir hafi verið að gera ágætis vinnu. Ég held að margir hafi viljað hjálpa ungmennunum sem voru í rugli..að koma sér á rétt spor. En hvað varðar lögguna, þá fannst manni eins og þeir hafi gefist upp á Gellerup. Þeir voru bara að sinna léttu verkefnunum, þeir voru tilbúnir að stoppa þig fyrir að hjóla á göngustíg en þeir komu aldrei ef þú varst rændur eða fyrir einhverju öðru basli. Sérstaklega með gettó eins og Gellerup, þá þarftu harða löngu til þess að takast á vandamálum hverfisins.

Fyrri viðmælandinn gefur í skyn að ákveðnir aðilar á svæðinu hafi fengið of mikið frelsi til þess athafna sig og þar af leiðandi hafi frávikshæðun eins og afbrot fengið að lifa góðu lífi í hverfinu. Þetta er enn eitt dæmið um að félagslegt óskipulag sé afleiðing þess að ákveðið samfélag takist ekki að samræma almenn gildi og leysa vandamál íbúa sinna, sem leiðir til þess að áhrifaríkt félagslegt taumhald rofnar á tilteknu svæði (Shaw og McKay, 1942). En ef litið er á sögulega þróun hverfisins, þá fækkuðu stofnunum í hverfinu hægt og rólega á árunum 1999 - 2010: Opinberar skrifstofur lokuðu eða færðu sig um setur, verslanir lokuðu og sömuleiðis með eina bankann. Þetta þróaðist út í að þörf var fyrir öryggisverði á mörgum stöðum, bæði í verslunum og í verslunarmiðstöð hverfisins – City Vest. Grunnskólanum⁹ í hverfinu var lokað árið 2008, bæði vegna þess að nemendum hafði fækkað með árunum en einkum vegna þess að þetta var orðið 100

⁹ Þegar Nordgaardskólanum var lokað neyddust borgaryfirvöld til að keyra krökkunum (e. bussing) yfir í aðra hverfisskóla. Þetta var gert með ákveðnu skipulagi, þannig að þeir myndu dreifast eins vel og mögulega hægt er. Fyrirbærið er/var afar algengt vestanhafs, sérstaklega í minnihlutahverfum.

% innflytjenda skóli. Megin bensinstöðin (Shell) í hverfinu sem var staðsett í hjarta hverfisins á Edwin Rahrs Vej, ákvað að loka vegna slæmrar aðstæðna og öryggisvandamála. Byggingin var rifinn stuttu seinna.

5.4 „Búa“ og „lifa“

Shaw og McKay tala einnig um að hátt íbúaf læði sé stór þáttur í að brjóta niður tengsl íbúa og samstöðu. Höfundur hafði ekki veitt þessu miklari athygli á sínum tíma, eitt var þó ljóst og það var að þessir fáu danir sem sáust í hverfinu bjuggu þar mjög stutt:

Eitt er að búa í hverfi, annað er að alast upp í hverfi. Tveir ólíkir hlutir. Ég hef oft reynt að útskýra þetta fyrir dögum sem sögðust hafa búið í hverfinu og höfðu sjaldan upplifað eitthvað slæmt í Gellerup. Að alast upp einhverstaðar og sjá hlutina í gegnum augu barns og þroskast með þessu tiltekna umhverfi er alls ekki samanburðarhæft við hið fyrrnefnda. Þú lifir aldrei að fullu í hverfinu ef þú gerir lítið annað en að sofa þar. Fullorðið fólk sem er að leita sér að ódýru húsnæði sækir í þessi hverfi, en markmiðið er ekki að kynnast umhverfinu eða að njóta aðstæðanna, heldur stoppar þetta fólk einungis stutt heima hjá sér, svo er það alls staðar annars staðar þegar það fer á fætur. Þegar maður tekur þá ákvörðun að gera einhver stað að heimili sínu, til lengri tíma, þá umgengst maður svæðið í kringum sig á allt annan hátt.

Allan þann tíma sé ég bjó þarna, sem spannar yfir 10 ára tímabil, bjuggu aldrei meira en 10 % danir – en í minningunni leið manni eins og þeir væru enn færri. Þeir létu sjaldan sjá sig og það kemur mér ekki á óvart. Flæði dananna var örugglega mest af öllum, inn og út og aldrei aftur. Margir hafa ábyggilega flutt í hverfið af nauðsyn, lítið í boði á leigumarkaðinum eða ódýrar einstaklingsíbúðir. Danirnir komu oftast sem einstaklingar og nánast aldrei með maka eða fjölskyldu.

Sá sem „lifir og andar“ ekki í hverfinu, eins og útskýrt er hér að ofan, hann er fáfróður um það svæði sem hann hreyfir sig daglega í og margar aðstæður gætu komið honum í opna skjöldu þar sem hann þekkir ekki undirliggjandi reglur eða viðhorf. Að alast upp í Gellerupparken þýddi neflilega að maður sem íbúi þurfti að vera vakandi fyrir ýmsu. Augnaráð og hugarfar var öðruvísi en í öðrum hlutum Árósa. Leiðin heim úr skólanum

eða út í búð, tímasetningin og hverjum þú varst með fór allt í einu að skipta máli sem ungmenni. Einn viðmælandinn kemur þessu til skila á eftirfarandi hátt:

Þetta er eini staðurinn sem ég hef búið á, þar sem ég þurfti reglulega að ihuga og taka ákvarðanir um einfalda daglega hluti eins og: Hvað leið tek ég heim úr skóla? Klukkan er orðin margt, á ég að sleppa því að fara út í búð? Get ég leikið mér út í garði án þess að verða fyrir áreiti?

5.5 Öryggi

Þegar sami viðmælandi var spurður út í öryggi, bætti hann þessu við:

Nei, mér fannst ég ekki öruggur í hverfinu. Þetta minnti mann einhvernveginn á fangelsi..

Allir þrír viðmælendur virtust vera með mismunandi viðhorf hvað varðaði öryggi, en annar viðmælandinn svaraði sömu spurningu svona:

Mér fannst ég alveg vera öruggur. Maður var kannski bara búinn að venjast þessu. Eina sem var eitthvað, var þegar fólk að segja eitthvað á eftir manni, sem var oftast bara eitthvað bull. Ef þetta kom að einhverju líkamlegu ofbeldi, þá svaraði maður þeim bara í sömu mynt. Þó maður eigi nú alltaf að fara til lögreglunnar með svona vandamál, þá virtist það stundum hjálpa að svara þeim eins og þeir komu fram við mann sjálfan...Mín sannfæring er sú að ef einhver gerir eitthvað við mig fyrst, þá svara ég þeim bara eins og ég vill. Ég skammast mín ekkert fyrir það.

Þriðji viðmælandinn hafði eftirfarandi að segja:

Já mér fannst ég vera öruggastur í Gellerupparken. Út af því allir þekktu alla, enginn þorir að gera þér neitt. En ef ég færi inn í danskt hverfi, þá væri ég hræddur eða óöruggur. Það getur vel verið að það sé eitthvað um áreiti, en ég varð aldrei fyrir því, því ég var einn af „þeim“.

Eins og sést á öllum svörunum, þá virðast þeir allir vera meðvitaðir um öryggi sitt, alveg sama hvort það sé í hættu eða ekki. Viðmælandi 2 felur það ekki fyrir neinum að hann sé tilbúinn að senda skýr skilaboð ef átök eiga sér stað. Hann er tilbúinn að verja sig líkamlega til þess að verja stöðu sína í hverfinu, líkt og tíðkast í ofbeldismenningarkímanum (Wolfgang og Ferracuti, 1967). Viðmælandi 1 gefur einnig

í skyn að það séu ákveðin frumskógalögmál til staðar. Viðmælandi 3 er líka meðvitaður um þetta, en virðist aftur á móti vera hluti af sterkari félagsheild, sem gerði það að gagni að fann fyrir samstöðu í hverfinu. Höfundur tekur undir að það hafi haft rosalega mikið að segja hvar maður bjó í hverfinu og hvaða þjóðerni. Ákveðnir hópar innan hverfisins áttu auðveldara með að standa saman en aðrir. Að alast upp í hverfi sem er mest megnið frá miðausturlöndunum, og þá sérstaklega fylgjendur Íslams, hefur ansi mikil áhrif á hvernig lítið er á hlutina. Ekkert ólíkt innflytjendum í Bandaríkjunum, þar sem ákveðnir trúarhópar standa gjarnan saman eða svipuð þjóðerni, þá á þetta líka við Gellerupparken. Það hafði talsverð áhrif á upplifun höfundar úr hverfinu, að vera ekki múslimi. Gott dæmi um slíkt var m.a. fatnaður kvenfólksins í hverfinu, margar konur í hverfinu voru með slæðu eða klæddust ‚hijab‘ og það var alveg ljóst að framkoma ungu karlmanna við þær var önnur en við aðrar konur.

5.6 Hugrenningar varðandi hverfið

Það var ekki hluti af spurningarlistanum að snerta endurskipulag¹⁰ hverfisins sem á sér stað þegar þessi orð eru rituð, en 2 af viðmælendunum komu inn á það sjálfkrafa án þess að spyrillinn hafi sóst eitthvað sérstaklega eftir því. Þessir sömu 2 viðmælendur tóku það skýrt fram að hverfið myndi ekki breytast til hins góða í gegnum þvinganir húsaleigufélagsins og með því að rífa blokkirnar niður og koma dönnum fyrir þar í staðinn. Auk þess voru allir þátttakendurnir með nokkra punkta og hugleiðingar, sem tengdust efninu ekki beint, sem þeir vildu koma á framfæri.

Mér sé alveg hver er úr Gellerup og hver ekki. Ég tek alveg eftir þeim, en þeir myndu aldrei sjá að ég væri þaðan. Þetta sýnir bara að ég aðlaga mig betur að aðstæðum en flestir aðrir...Gellerup er bara frumskógur og það eru bara sterkustu sem lifa af þar og ef þú vilt láta traðka á þér og svarar ekki fyrir þig...Þá áttu bara alltaf eftir að vera aumingi, og ef þú lætur stíga á þig...Þá mun þetta brjóta þig niður. Það er ótrúlegt hvað þetta hefur mikil áhrif á sjálfstraust fólks, sérstaklega þegar þetta gerist í æskunni. Einhvernvegin hefur þessi upplifun bara styrkt mig sem einstakling og gert mér kleift að aðlagast erfiðum aðstæðum.

¹⁰ ‚Helhedsplanen‘ er verkefni sem húsaleigufélagið Brabrand Boligforening hefur samþykkt og sótt styrki til þess að framfylgja. Verkefnið felur m.a. í sér að rífa 3 blokkir, reisa nýjar tegundir af húsnæði, uppbygging á verslunargötu í gegnum hverfið o.fl.

Spurt var sama þátttakenda hvort það haft einhverjar jákvæðar hliðar að alast upp við þessar aðstæður, en hann svaraði:

Auðvitað myndi ég ekki mæla með því að einhver ætti að flytja í þetta hverfi. Þetta er svolítið mikil rússnesk rúlletta hvernig fólk kemur úr þessu hverfi. Annars myndi ég segja að reynslan.. þetta er uppbyggilegt fyrir mann sjálfan að hafa upplifað þetta.

Annar viðmælandinn segir eftirfarandi um jákvæða upplifun sína úr hverfinu:

Þú upplifir fyrst jákvæðu hliðarnar, þegar þú ert fluttur úr hverfinu. Það er eins og maður eigi auðveldar með að sjá það úr fjarlægð. Maður getur klárlega notað þessa götu-gáfu við margar aðrar aðstæður...Og það er auðveldara að kortleggja það sem er gallað við hverfið, öfugt ef maður hefði aldrei búið þarna.

Báðir aðilar tjá sig hafa lært mikið af því að búa í Gellerupparken, þrátt fyrir að það hafi verið langt frá því að vera eitthvað paradís. Í fyrri ummælunum sést enn og aftur tákni um valdastreituna og hvernig ofbeldi hefur áhrif á sjálfsmynd einstaklingsins. Eins og tekið hefur verið fram áður: „Ofbeldi verður oft til vegna tilraunar eins aðila til að koma á fæti eða endurreisa valdastöðu sína yfir öðrum aðila“ (Hephurn og Voss, 1973).

5.7 Samanburður hverfa

Að mörgu leyti eru hverfin mjög lík, sérstaklega hvað varðar sögulega þróun. Bæði hverfi voru álitinn sem skref fram í tímann hvað varðaði skipulag og hagnýtingu. Hverfin áttu að leysa helstu húsnæðis vandamál stækkandi borga vesturlanda. Byggingarstíllinn var svipaður í báðum hverfum, þ.e.a.s. arkitektúr með innblástri frá hugmyndum Le Corbusier um lóðréttar blokkir og hagnýtu deiluskipulagi. Í báðum tilfellum, bæði í Bandaríkjunum á 6. og 7. Áratugnum og í Danmörku á 8. Og 9. Áratugnum, var mikil pólitísk togstreita um hvernig ætti að styrkja hina vaxandi millistétt. Það var bæði hvatt til endurnýjunar á þéttbýlissvæðum, þ.e. uppbyggingu blokkahverfa og á sama tíma útbreiðslu úthverfa. Úthverfin báru sigur úr býtum, bæði í Bandaríkjunum og í Danmörku. Stóru „plönin“ og „projektin“ voru skilin eftir með lágstéttina og minnihlutahópanna sem áttu ekki efni á að flytja í úthverfin. Gellerupparken er reist töluvert seinna en Pruitt-Igoe, en hefur samt sem áður farið í gegnum svipuð skeið. Fyrstu árin einkenndust af mikilli grósku sem varð að óvissu og

að lokum niðurníslu. Pruitt-Igoe var á endanum yfirgefið og rífið en Gellerupparken var haldið á lífi í gegnum mikla fjárveitingu frá ríkinu og sveitafélaginu.

6 Umræða og lokaorð

Samkvæmt niðurstöðunum er það ljóst að öllum þátttakendum fannst opinberar stofnanir í Gellerupparken vera fjarverandi hvað varðaði aðhald og eftirlit í hverfinu. Stofnunum, einkum húsaleigufélaginu og borgaryfirvöldum tókst ekki að samræma gildi íbúanna og leysa vandamál þeirra, þar af leiðandi verður til hið sígilda dæmi um félagslegt óskipulag. Félagslegt taumhald fer úr böndunum og til verða ný gildi og viðmið sem stangast á við samfélagið í heild sinni, sambærilegt ofbeldismenningarkima (e. *subcultures of violence*). Það eru sterkar vísbendingar til þess að samfélags stofnanir eins og m.a. skólar, íbúafélög, kirkjur ýti undir félagsleg tengslanet og samheldni (Triplett og Gainey, 2007). Það er vert að nefna að kirkjan í Gellerupparken var og er starfandi enn þann dag í dag, þrátt fyrir að vera algjörlega í bakgrunninum í öllu uppbyggjandi starfi, þar sem að meðlimum hennar hefur fækkað með fjölgun múslímskra innflytjenda í hverfinu. Algjört bakslag var fyrir hverfið að missa grunnskólann, það á einungis eftir að ýta undir rótleysi næstu kynslóða í hverfinu. Gellerupparken er ábyggilega eitt sterkasta tákn um hvernig stjórnámamenn og stjórnámál bæði á landsvísu og innanbæjar hefur mistekist að koma með almennilegar lausnir á aðlögun innflytjenda í Dönsku þjóðfélagi. Ólíkir menningarhópar og hátt íbúafælði í hverfinu gerði það erfiðara fyrir íbúanna að skapa tengsl sín á milli. Þetta hafði í för með sér ákveðna fjarlægð bæði meðal íbúanna en líka gagnvart lögreglunni. Í viðtölunum kom fram að flestir viðmælendurnir voru meðvitaðir um öryggi sitt í hverfinu og samkvæmt einum þeirra var ofbeldi óumflýjanlegur hluti af tilverunni. Allir þátttakendurnir þar á meðal höfundur, voru sammála um að bakgrunnur og þjóðerni hvers og eins skipti máli í uppvextinum í Gellerup. Eitt af lykilatriðinum í því að skilja af hverju sum hverfi eru betri en önnur í að hafa stjórn á afbrotum tengist félagslegu tengslaneti, þ.e.a.s. sambönd innbyrðis tengsl íbúa hverfisins. Því betur sem nágrennar þekkja hvorn annan og því meiri samskipti sem þeir eiga, því líklegra er að glæpum fækki. Það eru fleiri ástæður fyrir þessari skýringu. Í fyrsta lagi vekur vitneskja okkar um nágrenna okkar tilfinningu um að við berum ábyrgð gagnvart þeim og þess vegna gætum við þeirra. Í öðru lagi gefur þessi vitneskja okkur þann eiginleika að geta sagt til

hvort allt sé í lagi eða ekki (þ.e. við innbrot, skemmdarverk ofl.). Í þriðja lagi eru umhyggjusamir nágrannar líklegri til að koma sér saman um almenn vandamál og vinna saman til að leysa þau (Triplett og Gainey, 2007).

Það var ekki markmið höfundar í ritgerðinni að alhæfa nokkuð um viðfangsefnið, heldur var lagt af stað í þessa ritvinnslu með það efst í huga að koma þeim raunveruleika sem undirritaður þekkir úr hverfinu á framfæri. Enda var höfundur innflytjandi í dönsku samfélagi en á sama tíma menningarlega ólíkur meirihluta íbúa Danmerkur og í hverfinu sjálfu. Eitt af ófyrirsjáanlegu afleiðingum þess að búa í Gellerup, var að manni leið oft eins og maður væri dani vegna þess að maður var álitin sem dani af öðrum útlendingum, sem gátu ómögulega greint muninn. Að vera ljós að hörund, ljósbrúnt hár og með blá augu er hið klisjukenna norræna útlit og þar af leiðandi var maður fulltrúi danska þjóðfélagsins í þessari innflytjenda nýlendu. En þegar fólk kynntist manni kom það þeim alltaf á óvart að höfundur og fjölskylda hans væru ekki danir. Nágrannar okkar gerðu sér grein fyrir því og þess vegna var komið fram við okkur á allt annan hátt eftir að það var ljóst. Fyrir stuttu síðan ákvað höfundur að sjá gömlu blokkina aftur, með það í huga að samkvæmt „Helhedsplanen“ átti að rífa þessa tilteknu blokk. Þegar komið var á staðinn var búið að tæma blokkina og girða hana af, hún var á lokastiginu áður en átti að fara að rífa hana. Eins og hún stóð þarna, draugablokk, þá fór maður að velta því fyrir sér hvort þetta yrði eitthvað öðruvísi með breytingunum. Eins og einn viðmælandinn sagði réttilega: „vandamálið er ekki blokkirnar, vandamálið er fólkið“. Ef vandamálið er félagslegt, af hverju þá ekki að leysa það á því stigi? Af hverju þarf að eyða fleiri milljörðum í að jafna þessar byggingar við jörðu, þegar það eru einstaklingarnir sem eiga erfitt og þurfa á hjálpinni að halda. Á bara að færa þá eitthvert annað? Höfundur gerir sér vel grein fyrir því að þessi rannsókn er langt frá því að vera tæmandi. Hún ætti að gefa einhverja vísbendingu og staðfestingu á því félagslega óskipulag sem er ríkjandi í Gellerupparken og að hverfið glímir við svipuð vandamál og önnur stærri gettó víðsvegar um heiminn.

Upprunalegt heiti Gellerup kemur fyrst til sögu árið 1299 sem ‚Gyældthorp‘. Orðið Gæld á dönsku þýðir ófrjór eða gróðurlaus og Thorp þýðir útflutningsbær. Þetta er afar táknrænt fyrir þróun svæðisins, það er eins og það hafi verið erfitt að fá nokkuð til að þróast og vaxa og gegnumstreymi fólks inn og út úr hverfinu, hefur einnig verið viðloðandi staðreynd.

Heimildaskrá

- Arbejderbevægelsens Erhvervsråd. (2010). *Det opdelte Danmark: Fordeling og Levevilkår 2010*.
- Brabrand Boligforening. (2014). Árósar: Húsaleigufélagið Brabrand Boligforening. Sótt 17. apríl 2014 af <http://www.bbbo.dk/afdelinger/gellerupparken>
- Bristol, K. G. (1991). *The Pruitt-Igoe Myth*. *Journal of Architectural Education*, 44 (3), bls. 163-171.
- Center for Boligsocial Udvikling. (2011). *Beredskabet i Gellerup: En effektiv strategi mod kriminalitet*. Hvidovre: Höfundur.
- Clifford, J., og Marcus, G. E. (Ritstjórar). (1986). *Writing culture: The poetics and politics of ethnography*. Berkeley, CA: University of California Press.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw Hill.
- Friedrichs, C. (framleiðandi og leikstjóri). (2011). *The Pruitt-Igoe Myth: An Urban History* [kvikmynd]. Columbia: Unicorn Stencil.
- Hepburn, J.R. og Voss, H.L. (1973). *Violent Behavior in Interpersonal Relationships*. *The Sociological Quarterly*, 14, bls. 419-429.
- Miller, R. L. (2000) *Researching Life Stories and Family Histories*. Thousand Oaks, CA: Sage Publications.
- Ministeriet for By, Bolig og Landdistrikter. (2013). *Liste over særligt udsatte boligområder pr. 1 oktober 2013*. Sótt 17. Apríl 2014 af http://mdbl.dk/sites/mdbl.dk/files/dokumenter/publikationer/liste_over_saelrigt_udsatte_boligomraader_pr_1_okt_2013_0.pdf
- Nygaard, E. (1984). *Tag over hovedet: Dansk boligbyggeri fra 1945 til 1982*. Kaupmannahöfn: Arkitektens forlag.
- Roberts, B. (2002). *Biographical Research*. Buckingham og Philadelphia: Open University Press.

- Saltz, R. (2012, 20. janúar). A Renewal of Urban History. *The New York Times*, bls. 10.
- Sampson, R. J. (1993). „*The Community Context of Violent Crime*“ in *Sociology and the Public Agenda*, (Ritstjórar: William Julius Wilson. Newbury Park) California: Sage Publications.
- Sampson, R. J. og Wilson, W. J. (1995). „*Toward a Theory of Race, Crime, and Urban Inequality*“ in *Crime and Inequality* (Ritstjórar: John Hagan & Ruth D. Peterson. Stanford). California: Stanford University Press.
- Sampson, R. J., Morenoff, J. D. og Earls, F. (1999). Beyond Social Capital: Spatial Dynamics of Collective Efficacy for Children. *American Sociological Review*, 64, bls. 633-660.
- Sampson, R. J. og Bean, L. (2006). „*Cultural Mechanisms and Killing Fields: A Revised Theory of Community-Level Racial Inequality*“ in *The Many Colors of Crime: Inequalities of Race, Ethnicity and Crime in America* (Ritstjórar Ruth Peterson, Lauren Krivo, and John Hagan). New York: New York University Press.
- Samvirket i Gellerup og Toveshøj. (2012). *Fakta og tal: Beboersammensætning og beskæftigelse*. Sótt 22. Apríl af <http://www.samvirket.dk/fakta>
- Shantz, J. (2009). Biographical Sociology: Struggles over an Emergent Sociological Practice. *Auto/Biography Studies*, 24 (1), Sumar 2009, bls. 113-128.
- Shaw, C. R. og McKay, H. D. (1942). *Juvenile delinquency and urban areas; A study of rates of delinquents in relation to differential characteristics of local communities in American cities*. Chicago: University of Chicago Press.
- Shaw, C. R. og McKay, H. D. (1969). *Juvenile Delinquency and Urban Areas*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Shoemaker, D. J. (1996). *Theories of Delinquency*. New York: Oxford University Press.
- Short, J. F. (1976). *Delinquency, Crime, and Society*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Sutherland, E. H. (1939). *Principles of Criminology*. Philadelphia: J.B. Lippincott.

- Triplett, R. A. og Gainey, R. R. (2007). Understanding Neighborhoods and Crime. *Quest*, 1(1), grein 07. Sótt 17. apríl 2014 af <http://ww2.odu.edu/ao/instdv/quest/Volume10Issue1.html>
- Weiss, K. L. (2008, júní). Gensyn med Gellerup. *Historien Forsætter*, Magasinet om Bygningskultur, bls. 46-51.
- Wolfgang, Marvin E., & Ferracuti, F. (1967). *The subculture of violence: Towards an integrated theory in criminology*. London: Tavistock Publications.
- Østjyllands Politi. (2013). *Danmarkskortet: "Antal anmeldelser pr. kvadratkilometer"*. Sótt 28. apríl 2014 af <http://statistik.politi.dk/Map.aspx>